

8. gr.

**Afturköllun undanþágu.**

Óski maður með tilskilin starfsréttindi eftir starfi undanþágumanns, skal undanþágu- nefnd fella undanþáguheimildina úr gildi. Afturköllun skal að jafnaði gilda frá þeim tíma er skipið kemur til hafnar, ef það er á sjó, enda sé réttindamaðurinn tilbúinn að taka við starfi undanþágumannsins þá þegar.

9. gr.

**Gildistaka.**

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnar- manna á íslenskum skipum og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum, öðlast gildi 1. mars 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 153/1987 um sama efni.

*Ákvæði til bráðabirgða.***Störf undirvélstjóra.**

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda hafi þeir starfað sem vélstjórar samkvæmt undanþágu á viðkomandi skipi í a.m.k. 80 mánuði fyrir gildistöku þessara reglna.

*Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1992.***Halldór Blöndal.***Ragnhildur Hjaltadóttir.***REGLUGERÐ****um breytingu á starfsreglum um öryggisfræðslu sjómanna  
nr. 323/1988.**

3. gr. orðist svo:

1. gr.

Samgönguráðherra skipar 10 manna öryggisfræðslunefnd sem hefur með höndum stjórn öryggisfræðslunnar. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hinir átta skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Siglingamálastofnun ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi smábátaeigenda og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin skal beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna í samræmi við 1. gr. starfsreglna þessara og gera tillögur til stjórnvalda um tilhögun öryggisfræðslunnar.

Nefndin getur falið þremur nefndarmönnum að fjalla sérstaklega um námskeiðahald um öryggismál sjómanna á vegum Slysavarnaskóla sjómanna. Einnig er nefndinni heimilt að mynda starfshópa um einstaka þætti öryggisfræðslu sjómanna.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1992.***Halldór Blöndal.***Elín Helgadóttir.*